

þann sem er því trúr. Guðdómleg orð og sú bezta kjölfesta, sem vér höfum í öllum vorum barningi.

Á þannig máli hlýtur guð að tala til vor, ekki með kreddum eða rígbundnum setningum, vér skiljum þar ekki, vér viljum þar ekki. Þær snerta ekki nokkurn þráð í voru eðli.

Og það er trú vor, að hann tali þannig til vor. Og það er ein aðalástæðan, hví vér erum Unitarar. Guð er ekki guð dauðra, heldur guð lifenda. Hann er ekki fyrst og fremst talandi gegnum rit hinnar hebresku þjóðar, heldur allra sístast. Hann er fyrst og fremst talandi gegnum þjóðlífð, gegnum sál-arþrá og sálaratgjörfi manna á hvaða tímabili sem er. Að halda fram því gagnstæða er að gjöra hann að guði hinna dauðu, þeirra sem þegar eru hættir að lifa hér og hvorki hafa séð eða heyrt eða fundið til þeirra sístöku málefna, sem snerta oss hvað dýpst nú. Enda er þessi skoðun samkvæm öllum þeim hugsunarhætti, er alment ríkir um guð, að hann sé guð sannleikans. En menn gæta ekki að því, að guð sem ekkert veit um nútíðar ástand og hefir ekki nokkra bendingu gefið til þeirra, sem nú lifa, nema „teikn Jónasar“, hann er ekki guð alls sannleikans. Hann er að eins guð fortíðar sannleikans. Og guð G. T. sá sem það þekkir, sá sem það upphefur talar fá orð til þessara tíma. Heimurinn var ekki nema hálfur í þá daga, í engum skilningi, hvorki að víðáttu veldi, framförum eða þekkingu. Oftast að eins smáhérað, milli Dan og Beer-Sheba, en mestur frá Cush til Mizraim. Guð G. T. er því ekki guð alls sannleikans, ekki eins lítills hluta alls sannleikans. Hann er guð dauðra fremur en guð lifenda.

Þessi skoðun vor er því algjörlega sjálfri sér samkvæm, bæði sem trú og innri tilfinning. Sannleikans guð er guð bæði fortíðar og nútíðar sannleika. Nútíðin hefir sömu þýðingu og hin umliðna tíð. Mannfólkið er jafnt hans börn nú, sem áður. Hann er faðirinn, sem börnin læra alltaf betur að þekkja eftir því sem þau vitkast og eldast. Á því byggjum vér, og það er vor trú.

Og það er líka að vorri hyggju nanðsynlegt fyrir andans